

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs.

Frá Valgerði Bjarnadóttur.

1. Hafa eftirfarandi markmið aðgerðaáætlunar Vísinda- og tækniráðs 2014–2016 náðst? Ef svo er ekki, hver er árangurinn miðað við fjárlög eða þjóðhagsspá fyrir árið 2016, eftir því sem við á, varðandi:
  - a. auknar fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF), þannig að árið 2016 nái þær 3,0% af henni,
  - b. fjármögnun háskólakerfisins hér á landi svo að hún verði a.m.k. sambærileg við meðaltal aðildarríkja OECD árið 2016,
  - c. hækkun hlutfalls samkeppnisfjár í fjármögnun háskóla og rannsóknarstofnana, þannig að það nái um þriðjungi af heildarfjármögnun árið 2016?
2. Hver er staða aðgerða til að eftirfarandi markmið náist:
  - a. að skapa gegnsætt fjárhagslegt umhverfi fyrir háskóla og rannsóknarstofnanir svo að ljóst sé að fjárveitingar tengist árangri og gæðum,
  - b. að tryggja að reglur íslenskra samkeppnissjóða um samrekstrarkostnað og mótframlög taki mið af þróun á alþjóðavettvangi, svo sem í Horizon 2020,
  - c. að nýta skattkerfið markvisst til að hvetja til fjárframlaga fyrirtækja og einstaklinga til vísinda og nýsköpunar?

Skriflegt svar óskast.